

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hjarðardalsverzlunarstað í Önundarfirði.

1. gr.

Hjarðardalshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Grundarendabót í stefnu á Hvilftarbæ á austurströnd fjarðarins fram á Heströnd er hún kemur undan Tannanesrönd, þaðan eftir línu, sem hugsast dregin í stefnu á brú á Breiðdalsá neðan til þar til hún sker línu hugsaða úr Innri-Hjarðardalsbæ í Kaldásá austan fjarðarins.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Hjarðardalshafnar, og skal honum varið til að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo sem nauðsynlegum lendingartækjum og bryggju, sem áformað er að byggja þegar fært þykir.

Hreppsnefnd Mosvallahrepps kys þriggja manna hafnarnefnd til fjöggra ára í senn, og hefur hún undir yfirstjórn hreppsnefndar framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald á lendingartækjum og umbætur á þeim og öðrum eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans, eins og öðrum eignum hreppsfélagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

3. gr.

Hafnarnefnd getur ákveðið hvar og hvernig legufæri báta og skipa skuli lögð. Enginn má flytja legutæki báts síns nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

4. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfnina nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka við höfnina nema með leyfi landeiganda eða umráðamanna. Hafnarnefnd getur bannað að kastað sé í höfnina fiskiúrgangi hvers konar og öllu öðru, er óþrifum kann að valda.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni við höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum sem fyrir eru, og ekki dýpka út frá landi eða fylla upp, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varða sektum og getur hafnarnefnd látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Skip, sem lagt er við föst legugögn á höfninni, greiði árlega fyrir það sem hér segir:

- a. Ef þau eru skrásett frá Mosvallahreppi, og eru að öllu eða nokkru leyti eign manna búsettra í hreppnum, greiði vélbátar með þilfari 10 kr., stærri skip 15 kr., opnir trillubátar 5 krónur.

- b. Um aðra báta og skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd. 219
- c. Öll skip eða bátar, sem fiskveiðar eða hvers konar aðra veiði stunda frá Hjarðardal eða leggja afla sinn á land innan takmarka hafnarinnar, skulu greiða í hafnarsjóð 1 kr. af hverjum 1000 kg nýs fiskjar og skal formaður greiða gjaldið þegar aflaskipti fara fram og í síðasta lagi við lok hveftrar vertíðar. Formaður og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á að gjöld þessi séu greidd. 18. des.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Hjarðardals.

8. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1942 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. desember 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

220

um breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Húsavíkurhreppi. 18. des.

1. gr.

Í 1. málsgr. 1. gr. skulu í stað „40 krónur“ koma: 60 krónur, og í stað „30 aurar“ komi: 48 aurar.

Í 2. málsgr. 1. gr. skulu í stað „20 aura“ koma: 30 aura.

Í 3. málsgr. 1. gr. skulu í stað „20%“ koma: 25%.

2. gr.

Í 2. gr. skulu í stað „6 — sex — krónur“ koma: 8 — átta — krónur.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. janúar 1942, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.